

Stefna Festu um ábyrgar fjárfestingar

Stefna þessi er sett fram á grundvelli 5. töluliðs, 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Með stefnu þessari setur Festa lífeyrissjóður fram þau atriði sem sjóðurinn telur mikilvæg siðferðisleg viðmið í fjárfestingum. Að auki skal hluthafastefna sjóðsins höfð til viðmiðunar við fjárfestingaákvörðanir.

Þegar fjallað er um ábyrgar fjárfestingar, er horft til þátta er taka til umhverfis- og félagslegra viðmiða ásamt góðum stjórnarháttum félaga. Þessi viðmið geta varðað m.a. eftirfarandi atriði:

a) Umhverfisþættir (loftslag, mengun, orkunýting); b) Samfélagslegir þættir (mannréttindi, aðbúnaður verkafólks); c) Stjórnarhættir (samsetning stjórnar, launastefna, gagnsæi).

Festa lífeyrissjóður er tiltölulega stór fjárfestir á innlendum verðbréfamarkaði. Sjóðurinn er hinsvegar lítil í alþjóðlegum samanburði. Stefna þessi er því sett fram með innlandan verðbréfamarkað í huga, þar sem sjóðurinn getur að einhverju leiti haft áhrif á ofangreinda þætti í fjárfestingum sínum.

Erlendar fjárfestingar Festu fara að mestu fram í gegn um verðbréfa- og fagfjárfestastjóði. Leitast er við að velja erlenda samstarfsaðila sem meðal annars hafa sett sér siðferðisleg viðmið við fjárfestingar, áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í erlendum sjóðum.

Markmið stefnunnar

Festa lífeyrissjóður er langtímafjárfestir sem hefur það að markmiði að taka við iðgjaldi félagsmanna, ávaxta það og skila til félagsmanna í formi lífeyris. Stefna sjóðsins er að hámarka þær greiðslur með því að ná sem bestri langtímaávöxtun, að teknu tilliti til áhættu. Við fjárfestingar er einnig tekið tillit til þeirra viðmiða sem falla undir ábyrgar fjárfestingar að því marki sem lög leyfa og að teknu tilliti til hlutverks sjóðsins um hámarkun lífeyrissréttinda sjóðsfélaga.

Fjárfestingar á innlendum markaði sem stefna þessi tekur til eru meðal annars:

1. Hlutabréf og skuldabréf í skráðum félögum
2. Hlutabréfasjóðum, að vísitölusjóðum undanskyldum.
3. Skuldabréfasjóðum að vísitölusjóðum undanskyldum.
4. Öðrum sjóðum sem fjárfesta í fjármálagerningum skráðra/óskráðra félaga.

Eftirfylgni stefnu um ábyrgar fjárfestingar

Stefna Festu lífeyrissjóðs sem eiganda er að þau fyrirtæki sem sjóðurinn kemur að, starfi í sátt við umhverfi sitt, fylgi lögum og reglum og hafi leiðbeiningar um góða stjórnarhætti að leiðarljósi.

Sjóðurinn mun sem eigandi, reyna að stuðla að því að fyrirtæki starfi eftir almennum lögum og reglum, sinni upplýsingaskyldu, hafi umhverfismál að leiðarljósi og leitist við að starfa í sátt við umhverfi sitt. Sjóðurinn hvetur sérstaklega til virkrar samkeppni og ábyrgðar gagnvart samkeppnislögum.

Ef upp koma tilvik þar sem fyrirtæki sem skráð eru á markaði og Festa er eigandi að, verður uppvíst að broti á sviði umhverfismála, félagslegra mála eða stjórnháttu að mati lögbærra aðila, mun sjóðurinn beita sér fyrir því að tafarlaust verði brugðist við slíku og látið af broti. Jafnframt verði farið fram á að gripið verði til viðeigandi ráðstafana í því skyni að tryggja að ekki komi til sambærilegra atvika aftur.

Ef ekki verður brugðist við með fullnægjandi hætti að mati Festu þá mun sjóðurinn taka það til skoðunar að selja viðkomandi eignarhlut að hluta eða heild ef svo ber undir. Einnig getur sjóðurinn útilokað ákveðnar fjárfestingar þar til talið sé að viðkomandi hafi látið af broti og/eða gert fullnægjandi úrbætur.

Festa hefur væntingar til þess að eignastýringaraðilar sem sjóðurinn stofnar til samstarfs við, setji sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Slíkar stefnur eru einn þeirra þátta sem sjóðurinn tekur tillit til við val á samstarfsaðilum.

Endurskoðun og framfylgni stefnunnar.

Stefna þessi verður endurskoðuð árlega.

Samþykkt á stjórnarfundum Festu 29. júní 2020.